



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2021

ENSK2OR05: Orðaforði og ritun

Kennari:	Guðfinna Gunnarsdóttir	Sk.st.	GG
Kennari:	Paola Daziani	Sk.st.	PD
Kennari:	Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st.	ÆE

Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

Undanfari: ENSK2OL05 og ENSK2HC05

Námsefni:

New Writing Exercises Autumn 2020

fjölrit á skrifstofu FSU

Academic Word List Chapters 11-14

fjölrit á skrifstofu FSU

Longman online dictionary <https://ldoceanline.com>

eða Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

Kjörbók: Nemendur velja sér **eina** bók af eftirfarandi titlum:

- ✓ **Light on Snow** Anita Shreve
- ✓ **The Heavens May Fall** Allen Eskens
- ✓ **Orphan Train** Cristina Baker Cline

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Nemendur lesa **kjörbók** og taka fjögur próf úr henni í tímum.

Í **New Writing Exercises** verða nemendur þjálfaðir í **ritun efnisgreina og í notkun samtenginga** (connectives). Á önninni eru unnin ýmis verkefni bæði í munnlegu og skriflegu formi. Unnið verður að bættum orðaforða með vinnu við orðstofna og orðmyndun. Báðum verkefnaheftunum (New Writing Exercises og Academic Wordlist) skal skilað.

Sérreglur áfangans:

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar (undantekningar eru prófin úr kjörbókinni og munnlega prófið. Þau verða tekin eftir ákvörðun kennara).

Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur. Auk þess er hér fyrirvari vegna Covid. Nemendur fæddir 2001 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi mætingar og vinnu á önninni. Inna er ekki bara notuð sem upplýsingabanki og til verkefnaskila heldur er grundallaratriði á covid tímum.

Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kjörbók	Fjögur próf	15%
Ritun Efnisgreinar	Þrjár efnisgreinar	25%
Samtengingar	Eitt próf	10%
Munnlegt verkefni	Spjall um ákveðið efni í 5 mínútur	15%
Orðaforði AWL	Fjögur próf	25%
Lesskilningur	Eitt - tvö verkefni	10%

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 5. janúar 2021

Guðfinna Gunnarsdóttir, Paola Daziani og Ægir Pétur Ellertsson

